



Fundargerð

Aðalfundur Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga (KVH) haldinn að Borgartúni 6, 3. hæð, Reykjavík, fimmtudaginn 23. mars 2017

Fundur settur kl. 12:00

Formaður setti fundinn og bauð félagsmenn velkomna.

Kosning fundarstjóra og fundarritara:

- Fundarstjóri: Jóngeir Hlinason
- Fundarritari: Karen Ósk Pétursdóttir

Dagskrá, samkvæmt lögum félagsins:

- Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári
- Reikningar félagsins fyrir liðið starfsár
- Skýrslur og tillögur nefnda
- Tillögur félagsstjórnar
- Kosning í embætti og önnur trúnaðarstörf
- Lagabreytingar
- Ákvörðun félagsgjálda
- Fjárhagsáætlun og fjárfestingastefna félagsins
- Önnur mál

1. Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári.

Formaður stjórnar flutti skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2016-2017. Skýrslu stjórnar ásamt ársreikningum og öðrum fundargögnum var dreift á fundinum.

2. Reikningar félagsins fyrir liðið starfsár.

Gjaldkeri kynnti ársreikninga KVH og Vísindasjóðs KVH fyrir árið 2016.

Rekstrartekjur KVH voru kr. 68.873.199 og rekstrargjöld kr. 63.342.990. Hagnaður ársins 2016 að teknu tilliti til fjármagnsliða var kr. 6.141.343. Eigið fé í árslok 2016 var kr. 35.784.843.

Gjaldkeri fór yfir ársreikning Vísindasjóðs KVH fyrir árið 2016, en tekjur hans deilast niður á félagsmenn hjá sveitarfélögum og aðra þá félagsmenn á almennum markaði sem hafa aðild að sjóðnum. Vísindastyrkir eru greiddir út í febrúar ár hvert vegna iðgjalda árið áður. Innborganir iðgjalda árið 2016 voru kr. 36.096.116. Veittir styrkir árið 2016 voru kr. 27.932.182. Í febrúar árið 2017 voru greiddar út um 35 m.kr. vegna iðgjalda ársins 2016.

Fáeinir fyrirspurnir komu frá fundarmönnum um skýrslu stjórnar og ársreikningana. Meðal annars var óskað skýringa á breytingum á gjöldum til BHM milli ára, og um hlutdeild í afkomu húsfélags. Gjaldkeri veitt svör.

Halla S. Sigurðardóttir skoðunarmaður reikninga greindi stuttlega frá endurskoðunarvinnunni. Ársreikningur KVH var borinn undir atkvæði og hann samþykktur samhljóða. Ársreikningur Vísindasjóðs KVH var borin undir atkvæði og hann samþykktur samhljóða.

3. Skýrslur og tillögur nefnda.

Engar sérnefndir á vegum félagsins störfuðu á liðnu starfsári.

4. Tillögur félagsstjórnar.

Engar tillögur félagsstjórnar.

5. Kosning í embætti og önnur trúnaðarstörf.

Í lögum KVH segir m.a. að kjörtímabil aðalmannna skuli vera tvö ár en varamanna eitt ár. Haga skal kosningu þannig að kosið sé til embættis formanns, gjaldkera og eins meðstjörnanda á sama aðalfundi og svo til embættis ritara og eins meðstjörnanda á þeim næsta. Á aðalfundi 2016 var kosið til embættis ritara og eins meðstjörnanda til tveggja ára og var því kosið að þessu sinni um embætti formanns, gjaldkera og eins meðstjörnanda.

Í framboði til formanns KVH til tveggja ára var Birgir Guðjónsson og var hann sjálfkjörinn.

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að álitamál væri um hvernig standa bæri að kosningu annarra embætta, þar sem eitt framboð hefði komið fram til embættis aðalmanns, eitt til gjaldkera og tvö til meðstjörnanda. Löginn væru ekki skýr um hvernig taka bæri á því. Hins vegar hefði stjórn lagt til lagabreytingatillögu til að skýra það mál, en sú tillaga yrði tekið fyrir síðar á dagskránni.

Fundarstjóri lagði því til að kosið yrði í tveimur áföngum. Fyrst til gjaldkera og síðan til meðstjörnanda og varamanns í einu lagi. Lagði fundarstjóri að auki til að sá aðili sem ekki næði kjöri sem gjaldkeri yrði með í síðari kosningunni um meðstjörnanda. Einnig að sá sem næst væri því að ná kjöri sem meðstjörnandi, yrði talinn kjörinn í sæti varamanns í stjórn.

Var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn tveimur.

Áður en gengið var til kosninga um gjaldkera kvaddi Ársæll Baldursson sér hljóðs og dró framboð sitt til baka. Helga S. Sigurðardóttir varð því sjálfkjörin til embættis gjaldkera til tveggja ára.

Gengið var til kosninga meðstjörnanda. Í framboði voru Stefán Þór Björnsson og Einar Geir Jónsson.

Greidd voru 43 atkvæði. Niðurstöður urðu þessar: Stefán 38, Einar 4 og 1 auður seðill.

Hjálmar Kjartansson og Sæmundur Árni Hermannsson höfðu boðið sig fram með löglegum fyrirvara í varastjórn KVH, þ.e. fyrir 1. mars, og voru því sjálfkjörir. Einar Geir Jónsson var sjálfkrafa kosinn sem þriðji varamaður í stjórn KVH til eins árs, sbr. tillögu fundarstjóra.

Halla S. Sigurðardóttir og Jóngeir Hlinason gáfu kost á sér áfram sem skoðunarmenn reikninga. Þau voru því sjálfkjörin.

6. Lagabreytingar.

Stjórn KVH hafði lagt fram og kynnt í fundarboði eftirfarandi tvær tillögur til breytinga á 9.gr. laga félagsins:

- Að í annarri málsgrein 9.gr laga um aðalfund, þar sem fjallað er um hvaða mál skuli tekin til meðferðar á aðalfundi og nánar hvernig haga skuli kosningu til embætta, þar standi:

Kosning i embætti stjórnar og önnur trúnaðarstörf:

Kosning formanns annað hvert ár

Kosning ritara til 2ja ára

Kosning gjaldkera til 2ja ára

Kosning meðstjórnanda til 2ja ára

Kosning 3ja varamanna til eins árs

Kosning 2ja skoðunarmanna reikninga til 2ja ára

- Að fjórða málsgrein 9.gr. laga um aðalfund verði þannig:

Framboð/tilnefning til embætta á aðalfundi skulu tilkynnt stjórn fyrir 1. mars næstan á undan aðalfundardegi. Tilkynningu skal fylgja staðfesting þess sem býður sig fram / er tilnefndur á því að hann gefi kost á sér til embættisins. Einungis er hægt að bjóða sig fram til eins embættis stjórnarmanns á aðalfundi. Kosningar til trúnaðarstarfa og atkvæðagreiðsla um lagabreytingar skulu vera leyнilegar. Einungis þeir félagsmenn sem mæta á fundinn hafa atkvæðisrétt.

Að loknum nokkrum umræðum um tillöguna og mögulegar breytingatillögur við hana, voru atkvæði greidd. Atkvæði féllu þannig að 7 voru með en 13 á móti. Tillagan var því felld.

7. Ákvörðun félagsgjalda.

Tillaga gjaldkera:

Félagsgjöld eru 0,6% og lagt til að þau standi óbreytt. Samþykkt samhljóða.

8. Fjárhagsáætlun og fjárfestingastefna félagsins

Gjaldkeri fór yfir Rekstraráætlun KVH fyrir árið 2017.

Fáeinir fyrirspurnir komu fram um breytingar á einstaka rekstrarliðum í áætlun milli ára, meðal annars um launakostnað og lögfræðikostnað. Gjaldkeri gerði grein fyrir þeim liðum. Rekstraráætlun 2017 borin undir atkvæði og hún samþykkt samhljóða.

Formaður greindi frá fjárfestingastefnu KVH og lagði fram þá tillögu svohljóðandi:

„Lagt er til að stjórn KVH verði heimilað að auka eignarhlut félagsins í skrifstofuhúsnæðinu að Borgartúni 6, um rúm 4,2% eða sem svarar því húsnaði sem nú er leigt af BHM (20,8 fm nettó). Áætlað kaupverð er um 10,3 m.kr. Fjárfestingastefna KVH verði að örðu leyti óbreytt fyrir næsta starfsár. Ekki er gert ráð fyrir að hreyfa við eign félagsins í ríkisverðbréfum.“

Tillagan var borin undir félagsmenn og samþykkt samhljóða.

9. Önnur mál

Engin.

Formaður þakkaði fráfarandi gjaldkera, Ársæli Baldurssyni, langt og gott starf fyrir félagið og fundarmönnum fyrir komuna.

Fleira ekki gert.

Fundi var slitið kl. 13:20

The image shows three handwritten signatures in blue ink. From left to right: 1) A signature that appears to be "Helga Þórssen". 2) A signature that appears to be "Birgir Guðjónsson". 3) A signature that appears to be "G. Newman". Below the signatures, there is some faint, illegible handwriting that appears to be "Stækja þau tilskur" or similar.